

Nefndasvið Alþingis
Viðskiptanefnd
b/t. Selmu Hafliðadóttur
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 26. janúar 2010.

Efni: Frumvarp til laga um þjónustuviðskipti á innri markaði Evrópska efnahagssvæðisins (277. mál)
Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem fela í sér innleiðingu tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2006/123/EB.

Viðskiptaráð fagnar í meginatriðum frumvarpi þessu sem miðar að því að fjarlægja hér á landi lagalegar og stjórnsýslulegar hindranir svo þjónustuveitendur og viðtakendur á EES-svæðinu eigi auðveldara með að veita og nýta sér þjónustu yfir landamæri. Þó núverandi efnahagsástand geti í einhverjum tilvikum hægt á aukinni samkeppni milli landamæra, sem frumvarp þetta skapar grundvöll fyrir, þá standa vonir ráðsins til þess að íslenskir neytendur fái fyrr en síðar að njóta þess hagræðis sem af alþjóðlegri samkeppni leiðir í formi aukins úrvals og hagstæðri kjara á ýmis konar þjónustu hérlendis.

Þá fagnar Viðskiptaráð þeim vinnubrögðum sem hafa verið viðhöfð við smíði þessa frumvarps, þ.e. áherslu ráðuneytisins á markvisst samstarf við fjölda hagsmunaaðila. Ekki verður betur séð en að ráðuneytið hafi haft handbók fjármálaráðuneytisins um undirbúning og frágang lagafrumvarpa í heiðri. Fagleg vinnubrögð af þessu tagi eru ávallt af hinu góða.

Almennar athugasemdir

Stór þáttur þjónustutilskipunar ESB lýtur að einföldun laga, reglna og verklags. Er þannig kveðið á um að hvert ríki þurfi að setja á fót upplýsinga- og þjónustuveitu (*e. point of single contact*) þar sem þjónustuveitendur eiga að geta nálgast allar upplýsingar, eyðublöð og umsóknir með rafrænum hætti. Að auki er kveðið á um að ríki þurfi að yfirfara gildandi reglur er lúta að leyfisferlum. Samkvæmt tilskipuninni átti þessari vinnu að vera lokið fyrir síðustu áramót.

Í umsögn sinni við drög að þessu frumvarpi lagði Viðskiptaráð áherslu á að þeirri vinnu yrði hagað þannig að unnt væri að standast ofangreint tímamark. Að auki lagði ráðið áherslu á að samhliða frumvarpi þessu yrði lagður fram bandormur á Alþingi þar sem gerðar yrðu nauðsynlegar lagabreytingar er varða leyfisferla. Þrátt fyrir að tímamarkið sé nú liðið þá ber annað frumvarp ráðuneytisins (þingmál 278), sem lagt er fram samhliða því sem hér um ræðir, með sér ríkan vilja til að rekstrarumhverfi þjónustuveitanda og möguleikar þjónustuviðtakenda verði sem fyrst samræmdir því sem best gerist innan EES-svæðisins.

Efnislegar athugasemdir

Gildissvið (2. gr.)

Við drög að því frumvarpi sem hér er til umsagnar gerði Viðskiptaráð athugasemd er laut að gildissviði þess. Hvað það varðaði munaði mestu um að á reiki var hvort frumvarpið tæki til innlendra þjónustuveitenda. Þessu hefur nú verið kippt í liðinn sbr. 3. tl. 3. mgr. 2. gr. frumvarpsins og því ljóst að innlendir þjónustuveitendur geta notið þess hagræðis sem af frumvarpinu leiðir.

Að mati ráðsins þarf hins vegar að endurskoða 2. gr. frumvarpsins og þá einna helst þá afmörkun á gildissviði þess er finna má í 1. tl. 4. mgr. Samkvæmt þeim tölulíð gilda reglur frumvarpsins ekki um „markaðsvæðingu þjónustu í almannabágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu“. Þetta hugtak er hvorki skilgreint nánar í ákvæðum né í greinargerð frumvarpsins og ekki víst, eins og nefnt er í almennum athugasemdum frumvarpsins, hvort það verði gert.

Að mati ráðsins er það til vansa enda er um að ræða víðtæka og óskýra undanþágu frá lögum sem ætlað er að auðvelda þjónustuveitendum og viðtakendum að nýta sér grundvallarrétindi EES-samningsins til að veita og nýta þjónustu yfir landamæri. Með því er hætt við að þessum aðilum verði gert örðugra með að nýta sér þau réttindi og að þar með sé steinn lagður í götu þess að markmiðum frumvarpsins verði náð með skilvirkum hætti.

Vegna mögulegra annmarka er tengjast nánari skilgreiningu hugtaksins leggur Viðskiptaráð til að fellt verði inn í frumvarpið ákvæði þess efnis að óheimilt verði að neita aðilum að nýta sér reglur frumvarpsins með vísan til 1. tl. 4. mgr. nema rökstuðningur sé veittur. Að auki leggur Viðskiptaráð til að greinargerð frumvarpsins með ákvæðinu verði breytt þannig að kveðið sé á um að ráðherra skuli hafa samráð við hagsmunaaðila við gerð þeirrar reglugerðar sem nefnd er í 5. mgr. 2. gr.

Viðskiptaráð leggur til að fellt verði inn í frumvarpið ákvæði þess efnis óheimilt sé að neita aðilum að nýta sér reglur frumvarpsins með vísan til 1. tl. 4. mgr. 2. gr. nema rökstuðningur sé veittur samhliða. Auk þess er lagt til að greinargerð frumvarpsins kveði á um að ráðherra skuli hafa samráð við hagsmunaaðila nýti hann reglugerðarheimild 5. mgr. 2. gr.

Skilyrði fyrir veitingu leyfis (8. gr.)

Að mati Viðskiptaráðs hefur 8. gr. frumvarpsins tekið nokkrum breytingum sem vert er að gera athugasemd við. Fyrir það fyrsta hefur skýr meginregla 1. mgr. 8. gr. frumvarpsdraganna, um að aðgangur að veitingu þjónustu skuli ekki vera háður leyfum, verið felld brott. Þrátt fyrir að þá meginreglu megi vissulega lesa af núverandi 1. mgr. 8. gr. (sem var 2. mgr.) þá er fyrra orðalag ákvæðisins mun skýrara.

Viðskiptaráð leggur til að 1. mgr. 8. gr. hljóði þannig „Aðgangur að því að veita þjónustu á Íslandi skal ekki háður leyfum nema það fyrirkomulag sé án mismununar, nauðsynlegt vegna brýnna almannahagsmuna og meðalhófs sé gætt.“

Í öðru lagi hefur 3. mgr. 8. gr. frumvarpsdraganna (nú 2. mgr.) verði breytt á þann veg að óheimilt er að „binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð **sömu** skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur þegar þurft að sæta...“ Orðalagi ákvæðisins hefur þannig verið þrengt, en eldri útgáfa þess vísaði til **jafngilda eða í meginatriðum sambærilegra** skilyrða eða eftirlits. Þá er greinargerð frumvarpsins með þessari málsgrein óbreytt og nefnir þar jafngild og eða sambærileg skilyrði eða eftirlit. Að því leyti skarast orðalag ákvæðisins og greinargerðarinnar. Þar sem ekkert svigrúm er til túlkunar á skýrri afmörkun ákvæðisins við sömu skilyrði/eftirlit er ljóst að þeir sem hyggjast nýta sér reglur frumvarpsins munu eiga erfitt með að beita greinargerðinni fyrir sig.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. 8. gr. verði breytt þannig að óheimilt verði að binda leyfi fyrir nýrri starfsstöð jafngildum eða í meginatriðum sambærilegum skilyrðum eða eftirliti og þjónustuveitandi hefur nú þegar þurft að sæta á Íslandi eða í öðru EES-ríki.

Undanþágur í einstökum tilfellum (14. gr.)

Að mati ráðsins væri rétt að tiltaka sérstaklega í 2. mgr. 14. gr. að öll skilyrði 1. – 5. tl. þurfi að vera fyrir hendi svo unnt sé að grípa til sérstakra ráðstafana gagnvart þjónustuveitanda. Ákvæðið felur í sér undantekningu frá þeirri meginreglu 13. gr. að þjónustuveitanda með staðfestu í öðru EES-ríki sé heimilt að veita þjónustu án staðfestu á Íslandi. Mikilvægt er að öll frávik frá meginreglum frumvarpsins séu skýrt orðuð.

Viðskiptaráð leggur til að 2. mgr. 14. gr. verði breytt á þann veg að tiltekið verði með skýrum hætti að allir töluliðir málsgreinarinnar þurfi að vera uppfylltir til að unnt sé að grípa til ráðstafana á grundvelli 1. mgr. ákvæðisins.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga, en hvetur til þess að nefndin taki ofangreindar athugasemdir til skoðunar.

Virðingarfyllt,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs